

Rangárþing eystra
Anton Kári Halldórsson
Hlíðarvegi 16
860 HVOLSVELLI

Reykjavík 21. október 2019
Tilvísun: 1909006LA ÞS
Málalykill: 00.44

Efni: Áreiðanleikakönnun viðskiptamanna tengslum við aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

1. janúar 2019 tóku í gildi ný lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka sem leystu af hólmi eldri lög nr. 64/2006. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 64/2006 var Lánasjóður sveitarfélaga ohf. með undanþáguheimild gagnvart lögnum. Undanþáguheimildin var hins vegar felld niður í nýju lögnum og því ber Lánasjóðnum að uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í lögum nr. 140/2018.

Því ber Lánasjóði sveitarfélaga ohf. í samræmi við lög nr. 140/2018 og reglugerð nr. 745/2019 um áreiðanleikakönnun, að framkvæma áreiðanleikakönnun á viðskiptamönnum sínum við upphaf viðvarandi samningssambands auk þess að kanna áreiðanleika núverandi viðskiptamanna.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 140/2018 skal Lánasjóðurinn að gera kröfu um að einstaklingar, prókúruhafar og aðrir sem hafa sérstaka heimild til að koma fram fyrir hönd viðskiptavina gagnvart fjármálafyrirtæki, þ.m.t. framkvæmdastjórar og stjórnarmenn sanni á sér deili með framvísun á gildum og viðurkenndum persónuskilríkjum. Þá þurfa lögaðilar að sanna deili á sér með upplýsingum úr fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra eða sambærilegri opinberri skrá með heiti, heimilisfangi og kennitölu.

Af þeim ástæðum óskar Lánasjóðurinn eftir afriti af gildum og viðurkenndum persónuskilríkjum (vegabréfi eða ökuskírteini) fyrir alla kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn sveitarfélagsins, sveitarstjóra og annarra sem hafa prókúru fyrir viðkomandi sveitarfélag.

Að auki óskar Lánasjóðurinn eftir staðfestingu á að viðkomandi aðilar séu réttilega að prókúru eða heimild komnir, t.d. með afrit af undirritaðri fundargerð sveitarstjórnar.

Umbeðin gögn óskast send á thordis@lanasjodur.is. Nánari upplýsingar og leiðbeiningar veitir Þórdís Sveinsdóttir, lánastjóri.

Virðingafyllst,

LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA ohf.



Þórdís Sveinsdóttir, lánastjóri